

Alþingi,
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2014
Tilvísun: 2014110340

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, þingskjal 372, mál nr. 305 og þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, þingskjal 392, mál nr. 321.

Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, þingskjal 372, mál nr. 305 og þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, þingskjal 392, mál nr. 321. HER hefur áður í bréfi dags. 9. maí 2012 gert athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð.

HER hefur farið yfir frumvarpið og þingsályktunartillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína: HER gerir athugasemd við að vatnsverndarsvæði séu ekki tilgreind sérstaklega í þingsályktunartillögunni. Vatnsverndarsvæðin eru skilgreind út frá ákvæðum laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Í tillögu um nýja samþykkt um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins sem nýverið var til umsagnar segir í 71. grein að „leita þurfi samþykkis heilbrigðisnefnda við staðsetningu lagnaleiða“ og í 8. grein segir að „allar framkvæmdir sem ekki teljast nauðsynlegar fyrir vatnsveitu eru bannaðar innan brunnsvæða“, þ.m.t. raflínur. Ljóst er að ríkir almannahagsmunir eru í húfi þegar kemur að vatnsvernd og hlýtur því að verða að taka tillit til vatnsverndarsvæða við gerð kerfisáætlunar. Að mati HER er mjög mikilvægt að í stefnumótun um lagningu raflína í jörð sé verndun vatns og vatnsgæða gert hátt undir höfði. Lagning raflína t.d. í gegnum brunnsvæði væri ógn við þau gæði sem felast í ómeðhöndluðu neysluvatni eins og íbúar höfuðborgarsvæðisins búa við í dag.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (kerfisáætlun): HER gerir athugasemdir við gr. 9, c- lið í frumvarpinu. Þar er hart vegið að skipulagsrétti sveitarfélaga. Kerfisáætlun raforkuflutninga er sett í afgerandi forgang umfram skipulagsáætlunir sveitarfélaga. Sveitarfélögum ber að „samræma skipulagsáætlunir við staðfesta tíu ára kerfisáætlun“ og að tryggja að „skipulagsmál hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar“. Alvarlegast er þó að sveitarstjórn sé „óheimilt að víkja frá tillögu flutningsfyrirtækisins ef það leiðir til þess að flutningsfyrirtækið nái ekki að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gildandi kerfisáætlun“. Hér er verið að taka skipulagsvaldið af sveitarfélögunum sem hlýtur að stangast á við ákvæði annarra laga og getur skaðað hagsmuni sveitarfélaga verulega og jafnvel á óafturkræfan hátt. Ef það væri t.d. nauðsynlegt fyrir flutningsfyrirtæki að fara í gegnum vatnsverndarsvæði sveitarfélags til að geta uppfyllt sínar skyldur gæti sveitarfélagið neyðst til að leyfa slíka framkvæmd þótt hún myndi t.d. ógna vatnsvernd. Taka ber fram að heilbrigðisnefndir fara með eftirlit með vatnsverndarsvæðum og gefa leyfi fyrir framkvæmdum innan þeirra.

Eins og fram kom hér að ofan segir í 71. grein í drögum að endurskoðaðri samþykkt um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins að „leita þurfi samþykkis heilbrigðisnefnda við staðsetningu lagnaleiða“ og í 8. grein draganna segir að „allar framkvæmdir sem ekki teljast nauðsynlegar fyrir vatnsveitu eru bannaðar innan brunnsvæða“, þ.m.t. raflínur. Ekki er ásættanlegt að flutningsfyrirtæki raforku geti tekið fram fyrir hendurnar á sveitarfélögum og heilbrigðisnefndum þeirra. Flutningsfyrirtækinu sem umsjónaraðila kerfisáætlunar er hér gefið mikið vald og ljóst er að ef upp kemur ágreiningur um framkvæmd kerfisáætlunar sem ekki verður leystur í samráðsferlinu hafa sveitarfélögin engin úrræði. Engin ákvæði eru í frumvarpinu eða nágildandi lögum sem gefa sveitarfélögum kærurétt eða aðrar leiðir til að leysa úr ágreiningi. HER telur að taka þurfi gr. 9, c-lið til gagngerrar endurskoðunar. Mikilvægt er að lögbundinni lýðræðislegri meðferð skipulagsmála, leyfisveitingu framkvæmdaleyfis og framkvæmd laga s.s. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sé ekki ógnað með þessu fyrirkomulagi.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
verkefnisstjóri

Kristín Lóa Ólafsdóttir
verkefnisstjóri